

**Nr. 20-106 S 072 Sveini EA 173****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7439  
Útgerð: Drangavík ehf.  
Smíðaður: Sómi, 1997, trefjaplast.  
Stærð: 5,36 bt. 6,37 brl.  
Mesta lengd: 8,79 m Skráð lengd: 8,27 m  
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,63 m  
Vél: Volvo Penta, 179,9 kW, 2006.  
Fjöldi skipverja: 1



Sveini©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni. Pálmi K. Jónsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 29. júlí 2020 var Sveini EA 173 á strandveiðum á Eyjafirði. Veður: NA 9 m/sek.

Á veiðum fór í sundur kælivatnshosa framan á vélinni og kælivatnið fór af. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Sigurvin frá Siglufirði dró bátinn til hafnar á Dalvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipt var um kælivatnshosuna og reynt að ræsa vélina en hún snérist ekki. Sjór hafði komist inn á strokka vélarinnar;
- að vélin var með sjókælt þúst og svanaháls á þústinu frá vél;
- að báturinn hafði verið dreginn á 12 sjómílna ferð með þeim afleiðingum að sjór þrýstist inn um botnlokann og inn á vélina í drættinum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.